

**53. fundur Skólaþjónustu og velferðarnefndar Árneshlíða var haldinn þriðjudaginn 1. mars 2022 kl. 17:00 í fundarherbergi bæjarskrifstofu Hveragerðis.**

**Mættir voru:** Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður, Bjarney Vignisdóttir, Elsa Jóna Stefánsdóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson og Smári Bergmann Kolbeinsson. Ásmundur Lárusson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Skóla – og velferðarþjónustu Árneshlíða sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

**1. Trúnaðarmál, fært í trúnaðarmálafundargerð.**

**2. Erindi til samþykktar:**

- a) Reglur velferðarþjónustu Árneshlíða um stuðningsþjónustu.

*Bókun: Málinu frestað til næsta fundar.*

- b) Tillaga að gjaldskrárhækkunum

- Fjárhagsaðstoð:

*Bókun: Skólaþjónusta – og velferðarnefnd Árneshlíða samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um hækkun á fjárhagsaðstoð. Lögð er til hækkun í samræmi við hækkun á neysluvísitölu og grunnfjárhæð fari úr 170.000 í 180.000 frá og með 1. mars 2022. Breytingin tekur gildi frá 1. mars 2022 og verður endurskoðað í lok árs 2022.*

- Stuðningsfjölskylda Barnavernd/málefni fatlaðra

*Bókun: Formanni og forstöðumanni SVÁ er falið að yfirfara gjaldskrána og koma með tillögu á næsta fundi.*

- Fargjöld í akstursþjónustu

*Bókun: Skólaþjónusta – og velferðarnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um hækkun á gjaldskrá í akstursþjónustu sem tekur mið af fargjaldi og gjaldsvæði öryrkja og aldraðra sem ferðast með almenningssamgöngum. Stök ferð kr. 155 (1 zone/gjaldsvæði).*

### 3. Erindi til kynningar:

1. Úttekt á Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings
2. Skýrsla Maríu Gunnarsdóttur um 1., 2. og 3. stig: Greining úrræða eftir stigskiptri þjónustu
3. Handbók SVÁ um skjalavörslu
4. Persónuverndarstefna SVÁ
5. Lokaskýrsla Landshlutateymis Suðurlands
6. Handbók heimaþjónustu

Fundi slitið kl. 18:40

Hveragerði, 1. mars 2022

---

Sigurbára Rúnarsdóttir

---

Bjarney Vignisdóttir

---

Smári B. Kolbeinsson

---

Elsa Jóna Stefánsdóttir

---

Valgerður Sævarsdóttir

---

Sigurður Einar Guðjónsson

---

Melkorka Jónsdóttir